

Fundargerð 94. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2026, fimmtudaginn 18. júní kl. 16:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - aukaðalfundur 2026 - 2601002SO

Lögð fram til kynningar fundargerð auka-ðalfundar ásamt uppfærðum samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn samþykkir að senda aðildarsveitarfélögum fundargerð auka-ðalfundar ásamt uppfærðum samþykktum samtakanna.

2. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2026 - 2606002SO

Aðalfund skal halda í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal hann haldinn á sléttum ártölum.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum er stjórn heimilt að boða til aðalfundar á tímabilinu júní til október. Jafnframt skal stjórn boða til fundar á þessu tímabili ef þrjú eða fleiri aðildarsveitarfélög óska eftir því að aðalfundur sé haldinn og skal þá innan þriggja vikna halda aðalfundinn.

Samþykkt að halda aðalfund samtakanna 21. ágúst 2026 á höfuðborgarsvæðinu. Í beinu framhaldi verður síðan Orkufundur með fræðsluerindum fyrir starfsmenn, stjórnendur og sveitarstjórnarfólk aðildarsveitarfélaga.

Stjórn samþykkir að fela formanni og starfsmanni samtakanna að undirbúa aðalfund.

Stjórn samþykkir að fela Ísleifi, Jónínu, Guðmundi og starfsmanni samtakanna að skipuleggja Orkufund.

Stjórn samþykkir að fela kjörnefnd að hefja störf í samræmi við samþykktir félagsins en þar segir m.a. "Kjörnefnd óskar eftir framboðum til stjórnar samhliða fundarboði aðalfundar og leggur fram tillögu að stjórn þremur dögum fyrir aðalfund sem aðalfundur tekur síðan til afgreiðslu."

3. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2025 - 2606001SO

Ársreikningur 2025 lagður fyrir stjórn til kynningar. Skoðunarmaður reikninga hefur farið yfir reikninginn án athugasemda. Lagt er til að ársreikningur verði

sendur til aðildarsveitarfélaga til kynningar í samræmi við samþykktir samtakanna.

Stjórn samþykkir að ársreikningur verði sendur til aðildarsveitarfélaga til kynningar.

4. Samtök orkusveitarfélaga - kynningarbréf 2026 - 260600350

Drög að kynningarbréfi til að senda á sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga lagt fram til umræðu.

Stjórn samþykkir að fela starfsmanni að senda kynningarbréf til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 17:15